

Lög

um breytingu á lögum nr. 88/2003, um Ábyrgðasjóð launa, með síðari breytingum (viðvarandi starfsemi í fleiri en einu ríki og miðlun upplýsinga).

1. gr.

Í stað 2. málsl. 1. mgr. 2. gr. laganna koma tveir nýir málslíðir, svohljóðandi: Í þeim tilvikum sem vinnuveitandi hefur staðfestu í einu aðildarríki að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, í Sviss eða í Færeyjum og hefur jafnframt viðvarandi starfsemi hér á landi veita lögín ábyrgð á kröfum vegna þeirra launamanna sem að öllu leyti eða að jafnaði inna af hendi starfsskyldur sínar hér á landi. Við ákvörðun um ábyrgð sjóðsins skv. 2. másl. skal kanna hvort áður hafi verið teknar ákvarðanir vegna sömu krafna launamanna í einhverju af framangreindum ríkjum.

2. gr.

Við 25. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ábyrgðasjóður launa skal gefa lögmætri stofnun sem ábyrgist greiðslur á kröfum launamanna í bú vinnuveitanda í öðru aðildarríki að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, í Sviss eða í Færeyjum allar nauðsynlegar upplýsingar sem sjóðurinn kann að hafa vegna krafna hlutaðeigandi launamanna í bú vinnuveitanda.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt á Alþingi 15. mars 2013.

